

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

270. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 7. júlí 2016 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Guðjón Loftsson, Árborg Ragnarsdóttir og Unnsteinn Óskar Andrésson.

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Guðjón Loftsson

Dagskrá:

1. **Erindi nr. 1210030.** Bjarghúsanáma, deiliskipulag, innkomnar athugasemdir.
2. **Erindi nr. 1604029.** Breyting á aðalskipulagi við Norðurbraut, vestan sláturhúss. Yfirferð athugasemda og ábendinga.
3. **Erindi nr. 1605141.** Breyting á deiliskipulagi við Norðurbraut, vestan sláturhúss. Yfirferð athugasemda og ábendinga.
4. **Erindi nr. 1607002.** Hlíðarvegur 13, utanhússklæðning, gluggaskipti og útlitsbreytingar.
5. **Erindi nr. 1607003.** Garðavegur 30. Endurbætur á núverandi húsi, niðurrif á fjósi og hlöðu og viðbygging til austurs.
6. **Erindi nr. 1607004.** Tjörn 2 umsókn um byggingarreit.
7. **Erindi nr. 1607005.** Tjörn 2 umsókn um byggingarleyfi - íbúðarhús.
8. **Erindi nr. 1607014.** Skólavegur 2 breytingar innanhúss.
9. **Erindi nr. 1607012.** Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lög्न ljósleiðara frá lokuhúsi Kolkustíflu og að tækjahúsi Mílu við Stað í Hrútafirði.
10. Fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa lagðar fram til kynningar. (: 9. fundur 9.6.2016, 10. fundur 23.6.2016 og 11. fundur 30.6.2016.)

Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1210030.** Deiliskipulag fyrir klapparnámu E-43 í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 í landi Bjarghúsa, landnr. 144519 í Húnaþingi vestra.
Deiliskipulagið var auglýst dags. 30. apríl 2016 til og með 11. júní 2016. Tvær athugasemdir bárust. Farið var yfir athugasemdirnar. Athugasemdirnar hafa verið sendar Vegagerðinni og er beðið viðbragða frá þeim.
2. **Erindi nr. 1604029.** Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026.
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu austan Norðurbrautar á Hvammstanga.
Tillaga fyrir breytingu á aðalskipulagi austan Norðurbrautar dags. 4.5. 2016 var auglýst skv. 1.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010 frá 23.maí 2016 til 5.júlí 2016. Ein athugasemd kom frá Vegagerðinni um stækkun á veghelgunarsvæði og eftir samráð hefur Vegagerðin samþykkt að veghelgunarsvæðið verði 9,2 m frá miðlínu vegar.
Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að vísa tillögunni til sveitarstjórnar til afgreiðslu skv. 2. mgr. 32.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
3. **Erindi nr. 1605141.** Breyting á deiliskipulagi austan Norðurbrautar
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi austan við Norðurbraut dags. 12.5. 2016 sem var auglýst skv. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 23.maí 2016 til 5.júlí 2016. Breytingin nær til svæðis vestan

við lóð sláturhússins. Ein athugasemd kom frá Vegagerðinni um stækkun á veghelgunarsvæði og eftir samráð hefur Vegagerðin samþykkt að veghelgunarsvæðið verði 9,2 m frá miðlínu vegar.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að að vísa deiliskipulagsbreytingunni til sveitarstjórnar til afgreiðslu skv. 42.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

4. **Erindi nr. 1607002.** Bjarni Þór Einarsson, kt. 310348-2449, sækir f.h. Guðrúnar E. Benónýsdóttur, kt. 191261-2329, um leyfi fyrir endurnýjun og breytingu á gluggum, styrkingu á grind, aukinni einangrun og utanhússklæðningu hússins Hlíðarvegs 13. Reyndarteikningar af kjallara eru einnig lagðar inn.

Skipulags- og umhverfisráð frestar erindinu og felur byggingarfulltrúa endanlega afgreiðslu málsins.

5. **Erindi nr. 1607003.** Bjarni Þór Einarsson, kt. 310348-2449, sækir f.h. Haraldar Friðriks Arasonar, kt. 110175-5319 og Söndru M. Granquist, kt. 010779-2009, Garðavegi 30 um endurbætur á núverandi húsi, niðurrif á fjósi og hlöðu ásamt viðbyggingu til austurs.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að grenndarkynna þarf framkvæmdina fyrir íbúum eftirtalinna húsa: Garðavegur 27, 28, 29 og 33 og felur byggingarfulltrúa afgreiðslu málsins að fenginni jákvæðri niðurstöðu grenndarkynningar.

6. **Erindi nr. 1607004.** Elmar Baldursson, kt. 280295-3619 og Elín Lilja Gunnarsdóttir, kt. 170793-3319, sækja um byggingarreit fyrir íbúðarhús, að Tjörn á Vatnsnesi, lnr. 144581. Meðfylgjandi er uppdráttur af byggingarreitnum mótttekinn 1.7.2016 og samþykki Ríkiseigna, eiganda jarðarinnar móttekið 7.7.2016.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn minjavarðar.

7. **Erindi nr. 1607005.** Elmar Baldursson, kt. 280295-3619 og Elín Lilja Gunnarsdóttir, kt. 170793-3319, sækja um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi. Húsið er einingahús frá Húseiningum hf. Siglufirði. Teikningar sem fylgja húsinu er dagsettar í mars 1989 og merkt Lambanesreykjum í Fljóttum þar sem það var fyrst reist. Húsið verður flutt frá Freyjugötu 2, Sauðárkróki, þar sem það stendur nú. Húsið tekið niður og flutt að Tjörn.

Skipulags- og umhverfisráð frestar erindinu.

8. **Erindi nr. 1607014.** Skúli H. Hilmarsson, kt. 190675-4679, sækir fyrir hönd Húnaþings vestra, kt. 540598-2829, um byggingarleyfi fyrir breytingum á tónlistar-, sérkennslu- og heimilisfræðistofum í grunnskólanum Skólavegi 2, Hvammstanga. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Bjarna Þór Einarsson, kt. 310348-2449.

Skipulags- og umhverfisráð frestar erindinu.

9. **Erindi nr. 1607012.** Orkufjarskipti hf. sækir um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðarastrengs frá lokuhúsi við Kolkustíflu og að fjarskiptahúsi Mílu við Stað í Hrutafirði.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda með fyrirvara um leyfi landeiganda og umsögn minjavarðar.

10. Byggingarfulltrúi lagði fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar nr. 9. fundur 9.6.2016, 10. fundur 23.6.2016 og 11. fundur 30.6.2016.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfið þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 18:11.**

Guðjón Þórarinn Loftsson

Árborg Ragnarsdóttir

Unnsteinn Óskar Andrésson

Ólafur Jakobsson
